



HAFNARFJÖRÐUR

Suðurgata 39. Umsögn vegna skiptingu lóðar.

Hafnarfjörður 17.4.2018
Málsnr. 1801613

Þann 2.1.2018 berst bæjarráði bréf, dags. 28.12.2017, þar sem eigendur lóðar við Suðurgötu 39 óska eftir að stofna lóð. Sk. gildandi skipulagi er heimilt að skipta lóðinni við Suðurgötu 39 í tvær lóðir.

Suðurgata 39 er hluti af deiliskipulaginu Suðurgata, Hamarsbraut og Strandgata frá árinu 2011. Í greinagerð skipulagsins er fjallar um sérskilmála fyrir einstakar lóðir, bls. 7, segir um Suðurgötu 39: *”Lóðinni er skipt í tvær lóðir, nr. 39A og nr. 39.”*

Jafnframt kemur fram að hin nýja lóð, 39A, sé 422.7m². Heimilt er að byggja einbýlishús eða koma fyrir flutningshúsi á lóðinni og reisa bílgeymslu innan byggingarreits.

Suðurgata 39 er byggt árið 1907 og er aldursfriðað. Fellur það undir lög um menningarminjar nr. 80/2012. Allar breytingar á því skal bera undir Minjastofnun Íslands og er háð samþykkis stofnunarinnar.

Nýtt hús við Suðurgötu 39A er fellur að stærð og mælikvarða núverandi byggðar getur styrkt götummynd Suðurgötu. Í ljósi ofangreindra atriða er mælt með skiptingu lóðarinnar.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt